

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Svæði fyrir frístundabúskap á Hvanneyri, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabúskap á Hvanneyri. Tillagan er sett fram á uppdraetti og í greinargerð dags. 10. ágúst 2016 og felur meðal annars í sér skilgreiningu á lóðum og byggingarreitum fyrir húsdýrabýggingar til frístundanota, beitarsvæði og svæði fyrir reiðvöll.

Auglýsinga- og athugasemdafrestur skipulagsins var frá 24. nóvember 2016 til og með 5. janúar 2017. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 28. júní 2017.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2017